

Samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins

1. Nafn sjóðsins og heimili

- 1.1. Sjóðurinn heitir Frjálsi lífeyrissjóðurinn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. Hlutverk sjóðsins

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykpta þessara.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða nr. 129/1997. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

3. Sjóðfélagar

- 3.1. Allir einstaklingar geta orðið aðilar að sjóðnum.
- 3.2. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.
- 3.3. Sjóðfélagi er sá einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til **tryggingadeildar** sjóðsins og á hjá ~~henni-honum~~ réttindi. Réttthafi er einstaklingur sem **á hjá sjóðnum séreigngreitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt viðbótarframlag til séreignar í sjóðinn og á í honum inneign.**
- 3.4. Sjóðfélagi er heimilt að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgir milli lífeyrissjóða þegar að tóku lífeyris kemur. Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi eða réttthafi fær útborguð réttindi sín eða inneign í einu lagi.
- 3.5. Frjálsa lífeyrissjóðnum er heimilt að taka við greiðslu tilgreindrar, frjálsrar og bundinnar séreignar og viðbótartryggingaverndar úr öðrum lífeyrissjóðum vegna þeirra einstaklinga sem kjósa að flytja inneign sína úr öðrum sjóðum.
- 3.6. Stjórn sjóðsins er heimilt, í samráði við rekstraraðila, að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna.

4. Stjórn

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum. ~~Á ársfundi skulu kosnir tveir~~ **Kjósa skal tvo** aðalmenn til þriggja ára í senn eða ~~þrjú~~ **þrjú** aðalmenn til þriggja ára í senn, eftir því sem við á. Einn varamaður skal kosinn á ársfundi sjóðfélaga til þriggja ára í senn. **Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar. Rafræn kosning skal þá standa í eina viku fyrir ársfund og skal niðurstaða kynnt á ársfundi.**
- 4.1.a. Þrátt fyrir ákvæði 4.1. skulu á ársfundi sjóðsins árið 2019 kjörnir þrjú aðalmenn til þriggja ára og tveir aðalmenn til tveggja ára. Einnig skulu á ársfundi sjóðsins árið 2019 kjörinn einn varamaður til þriggja ára, einn varamaður til tveggja ára og einn varamaður til eins árs. Frá og með ársfundi sjóðsins árið 2020 skal hið nýja fyrirkomulag skv. gr. 4.1. gilda um stjórn sjóðsins. Verða þá kjörnir tveir stjórnarmenn til þriggja ára og einn varamaður til þriggja ára. Mun bráðabirgðaákvæði þetta falla úr gildi við það tímamark.
- 4.2. Framboð til stjórnar skal tilkynna sjóðnum með sannanlegum hætti með a.m.k. **14 sjö** daga fyrirvara.

- 4.3. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktum þessum, sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997.
- 4.4. Hæfi stjórnarmanna skal vera í samræmi við 31. gr. laga nr. 129/1997.
- 4.5. Stjórn sjóðsins skal kjósa sér formann og skipta með sér verkum að öðru leyti. Formaður boðar til stjórnarfunda og skal halda fund ef einhver stjórnarmanna krefst þess. Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fundinn sitja.
- 4.6. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar í samræmi við 2. mgr. 108. gr. a. laga nr. 3/2006, um ársreikninga.
- 4.7. Stjórn sjóðsins er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund eða varamenn koma í þeirra stað. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.
- 4.8. Stjórn sjóðsins kemur fram fyrir hönd hans og skuldbindur hann. Stjórnin getur veitt stjórnarmönnum eða öðrum heimild til þess að skuldbinda sjóðinn, skv. gildandi fjárfestingarstefnu hans.
- 4.9. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri er ekki kjörgengur í stjórn sjóðsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktu sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar.

Daglegur rekstur sjóðsins tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins, nema ekki sé unnt að biða heimildar hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn sjóðsins tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera rekstrarsamning við fjármálafyrirtæki eða annan hæfan aðila um daglegan rekstur sjóðsins í heild eða að hluta, að undanskilinni framkvæmdastjórn sjóðsins. Í rekstrarsamningi skal sérstaklega kveðið á um eftirlit stjórnar og framkvæmdastjóra með framkvæmd samningsins. Rekstrarsamningur skal birtur á vefsíðu sjóðsins en stjórn er heimilt í undantekningartilfellum, ef ríkar ástæður eru til, að undanskilja atriði sem geta varðað mikilvæga viðskiptalega hagsmuni beggja samningsaðila, en sjóðfélagar skulu þá upplýstir um hvaða atriði voru efnislega undanskilin. Rekstrarsamningur skal sendur viðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

Hyggist stjórn gera breytingar á rekstrarfyrirkomulagi sjóðsins að þessu leyti eða breyta vali á rekstraraðila skal slík tillaga borin undir sjóðféлага og öðlast aðeins gildi hljóti tillagan samþykki a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða, líkt og gildir um samþykktarbreytingar skv. gr. 21.1.

~~Arion banki hf. skal annast daglegan rekstur sjóðsins skv. rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins og Arion banki hf. gera þar að lútandi. Þetta samkomulag skal sent Fjármálaeftirlitinu eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.~~

5. Ársfundur

- 5.1. Ársfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert. Rétt til setu á ársfundi eiga sjóðfélagar, réttihafar, stjórnarmenn sjóðsins og fulltrúar þeirra aðila sem sjóðurinn hefur gert samstarfssamning við. Stjórnin skal boða fundinn á sannanlegan hátt með fjögurra þriggja vikna fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar og rafræna atkvæðagreiðslu um breytingar á samþykktum, eigi það við. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað. Skylt er stjórninni að boða til aukaársfundar, ef meirihluti stjórnar telur ástæðu til, eða ef sjóðfélagar sem að eiga samantlagt 10% af atkvæðamagni í sjóðnum krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Aukaársfund skal boða á sama hátt og ársfund. Um fundarsetu og atkvæðisrétt á aukaársfundum gilda sömu reglur og á ársfundi.

- 5.2. Atkvæðisrétt á ársfundum eiga sjóðfélagar og réttahafar. Atkvæðamagn fer eftir inneign þeirra í séreignarsjóði við næstliðin mánaðamót og hlutfallslegri inneign í tryggingadeild við næstliðin áramót, en með hlutfallslegri inneign í tryggingadeild er átt við hlutfallslega skiptingu eigna tryggingadeildar m.v. áunnin réttindi sjóðfélaga. Atkvæðisréttur á ársfundi er varðar einstakar deildir sjóðsins er bundinn við þá aðila sem eiga réttindi eða inneign í viðkomandi deild.
- 5.3. Ef sjóðfélagi eða réttahafi geta ekki mætt á sjóðfélagafund geta þeir gefið öðrum umboð til að sækja fundinn fyrir sína hönd fara með atkvæðisrétt sinn. Umboðið þarf að vera skriflegt og vottfest af tveimur vitundarvottum og bundið við tiltekinn fund.
- 5.4. **Dagskrá ársfundar:**
- 5.4.1. Skýrsla stjórnar.
- 5.4.2. Kynning ársreiknings.
- 5.4.3. Kosning stjórnar og varamanna þeirra. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun.
- 5.4.4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- 5.4.5. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Kosning stjórnar og varamanna þeirra.
- 5.4.6. Kjör endurskoðanda. Tillögur um endurskoðanda þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.
- 5.4.7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 21. greinar.
- 5.4.8. Laun stjórnarmanna.
- 5.4.9. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.
- 5.5. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda í samræmi við lög nr. 79/2008, um endurskoðendur og skal ársreikningurinn gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.
- 5.6. Við sjóðinn skal starfa endurskoðunarnefnd. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir ársfund, og starfar í samræmi við 108. gr. a.-d. laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

6. Tryggingafræðileg athugun

- 6.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Fyrir 15. maí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu hina tryggingafræðilegu athugun.
- 6.2. Hrein eign lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af.
- 6.3. Leiði tryggingafræðileg athugun á tryggingadeild í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga samkvæmt grein 6.2. er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfelld í fimm ár.

- 6.4. Ef eignir tryggingadeildar sjóðsins sem tryggja eiga lágmarkstryggingavernd eru samkvæmt tryggingafræðilegri athugun hærrí en áfallnar skuldbindingar skv. 6.2. er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að mismuni til aukningar í frjálsri séreign. Aldrei skal þó slík úthlutun hagnaðar leiða til þess að tryggingafræðileg staða sjóðsins sbr. 6.2. verði neikvæð. Fyrsta úthlutun hagnaðar skal framkvæmd eftir reikningsárið 2001 og á fimm ára fresti frá þeim tíma.
- 6.5. Ef eignir tryggingadeildar, að viðbættu endurmati og frádregnu mati á fjárfestingargjöldum, eru meira en 10% lægri en áfallnar skuldbindingar við tryggingafræðilegar athuganir tvö ár í röð er stjórn sjóðsins heimilt að lækka áunnin réttindi og lífeyri sjóðfélaga hlutfallslega skv. tillögu tryggingafræðings sjóðsins. Barnalífeyri skal þó ekki lækka.
- 6.6. Aðgerðir skv. 6.3., 6.4. og 6.5 skal kynna á ársfundi og skrá í viðauka í samþykktir.

7. Fjárfestingarstefna

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta og kunngefa fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn og einstakar deildir hans og ávaxta fé sjóðsins í samræmi við og innan þeirra marka sem tilgreind eru í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- 7.2. Stjórn sjóðsins er heimilt að skipta sjóðnum upp í deildir með mismunandi fjárfestingarstefnu, enda sé fjárfestingarstefna hverrar deildar innan þess ramma er þessi grein setur og sérhver sjóðfélagi hafi val um í hvaða deild, eða deildum, inneign hans er ávöxtuð. Sjóðfélagi getur flutt inneign sína á milli deilda og er sjóðnum heimilt að innheimta kostnað við flutningana skv. verðskrá sjóðsins.
- 7.3. Ef að nýr rétthafi velur sér ekki sjálfur deild með ákveðinni fjárfestingarstefnu er hann sjálfkrafa settur í Ævilínu þar sem að iðgjöld og inneign færast á milli deilda eftir aldri án kostnaðar. Flutningur skv. Ævilínu fer þannig fram að inneignin er flutt á milli deilda í jöfnum áföngum á fimm árum með þeirri undantekningu að flutningur á inneign rétthafa sem hefja útgreiðslu séreignarsparnaðar er framkvæmdur í heilu lagi. Iðgjöldum, sem berast eftir að flutningur inneignar á milli deilda er hafinn, er ráðstafað óskipt í þá deild sem inneign flyst í.
- 7.4. Stjórn sjóðsins er heimilt að útbúa sérstakar reglur um lán til sjóðfélaga.

8. Tryggingavernd

- 8.1. Í Frjálsa lífeyrissjóðnum er starfrækt séreignardeild og tryggingadeild. Deildirnar eru fjárhagslega aðskildar. Báðar deildirnar lúta sömu stjórn. Útborgun og öflun réttinda lúta ákvæðum II. og III. kafla laga nr. 129/1997.
- 8.2. Frjálsi lífeyrissjóðurinn býður tvo kosti til öflunar lágmarkstryggingaverndar. Sjóðfélagar geta valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn og sama gildir um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku samþykta þessara. Ef nýr sjóðfélagi velur sér ekki sjálfur ákveðna samtryggingarleið er hann sjálfkrafa settur í Frjálsu leiðina.

Erfanlega leiðin: lágmarkstryggingavernd tryggð með blöndu séreignar og samtryggingar. Greiðslur ellilífeyris úr tryggingadeild hefjast þegar sjóðfélagi er 82- 85 ára sbr. gr. 8.6.

Frjálsa leiðin: lágmarkstryggingavernd tryggð eingöngu í samtryggingu.

- 8.3. Sjóðfélagi ber að greiða til sjóðsins það lágmarksiðgjald sem sjóðurinn áskilur til öflunar lágmarks-tryggingaverndar í samræmi við þá samtryggingarleið sem valin er, sbr. grein 8.2 og 9.1. Sjóðfélagi er heimilt að greiða til sjóðsins iðgjald umfram lágmarksiðgjald sem greiðist í frjálsa séreign.
- 8.4. Iðgjöldum til Frjálsa lífeyrissjóðsins er ráðstafað til frjálsrar séreignar, bundinnar séreignar og tryggingadeildar. Val sjóðfélaga á samtryggingarleið til lágmarkstryggingaverndar, sbr. gr. 8.2. ræður því hvernig iðgjaldi hans er ráðstafað.

- 8.5. Einstaklingum er heimilt að gera samning um greiðslu viðbótariðgjalds í séreignardeild sjóðsins. Frjáls séreign myndast af því viðbótarframlagi sem varið er til séreignarmyndunar. Frjáls séreign er að fullu séreign réttthafans og erfist samkvæmt erfðalögum. Frjálsa séreignin er laus til útborgunar frá 60 ára aldri. Útborgun er þó aldrei laus fyrr en tveim árum eftir fyrstu innborgun.
- 8.6. Bundin séreign myndast af þeim hluta iðgjalds til öflunar lágmarkstryggingaverndar sem varið er til séreignarmyndunar í Erfanlegu leiðinni. Bundin séreign er að fullu séreign réttthafans og erfist samkvæmt erfðalögum. Þessi séreign skal greidd með jöfnum greiðslum frá lífeyrisaldri til 82-85 ára aldurs skv. vali sjóðfélaga en þá taka við greiðslur úr tryggingadeild til æviloka. Ef sjóðfélagi velur að greiðslum bundinnar séreignar ljúki áður en 85 ára aldri er náð mun fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris úr tryggingadeild lækka sbr. töflu T4.
- 8.7. Iðgjöld sem greidd eru til tryggingadeildar Frjálsa lífeyrissjóðsins veita réttindi sem falla að ákvæðum III. kafla laga nr. 129/1997. Greiðsla ellilífeyris úr tryggingadeild skv. Frjálsu leiðinni hefst við 70 ára aldur og skv. Erfanlegu leiðinni þegar sjóðfélagi er 82-85 ára, og er til æviloka. Réttindaöflun í tryggingadeild ræðst af aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds, upphæð iðgjalds og lengd iðgjalds-greiðslna svo og upphafstíma lífeyrisgreiðslna. Töflur T1 og T2 kveða á um réttindi sem aflað er með innborgun iðgjalda og skoðast sem hluti af samþykktum þessum. Réttindaöflun samkvæmt töflu T1 er miðuð við aldur sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af til vísitölu neysluverðs fyrir þann mánuð sem lífeyrir er greiddur fyrir. Miðað skal við að iðgjöld standi á öllum aldurs skeiðum undir réttindum sem veitt eru samkvæmt réttindatöflum sjóðsins miðað við þær forsendur sem notaðar eru við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Myndist misræmi þar á milli vegna breyttra reikniforsendna, skal stjórn sjóðsins í samræði við tryggingafræðing sjóðsins gera tillögu um nýjar réttindatöflur. Í breytingum á samþykktum skal kveðið á um gildistöku dag taflnanna og hefur slík breyting réttinda-taflna ekki áhrif á þau réttindi sem áunnist hafa fyrir gildistöku dag hinna nýju taflna.
- 8.8. Eftir að taka lífeyris hefst skulu greiðslur frá tryggingadeild taka sömu breytingum og vísitala neyslu-verðs til verðtryggingar.

9. Iðgjald

- 9.1. Iðgjald til Frjálsa lífeyrissjóðsins er frjálst en lágmarksiðgjald (nú 12%) er tilgreint í 2. gr. laga nr. 129/1997, sbr. þó V. bráðabirgðaákvæði laga nr. 129/1997, sbr. lög nr. 167/2006. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar ræðst af vali sjóðfélaga skv. grein 8.2.

Erfanlega leiðin: 3,40% í samtryggingu og 6,55% í bundna séreign.

Frjálsa leiðin: 7,95% í samtryggingu.

Lágmarkstryggingavernd miðast við að innborgun hefjist við 25 ára aldur.

- 9.2. Iðgjald sem greitt er umfram iðgjald til lágmarkstryggingaverndar er sjóðfélagi frjálst að ráðstafa til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingaverndar, sbr. 5. gr. laga nr. 129/1997.
- 9.3. Lágmarksiðgjald skv. gr. 9.1. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Að öðru leyti vísast til 3. gr. laga nr. 129/1997.
- 9.4. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal vera jafnhá fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58. gr. þeirra laga.
- 9.5. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum starfsmanna sinna og standa skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér

ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæst að taka frá gjalddaga til greiðsludags. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

- 9.6. Sjóðfélagar og réttihafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.7. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.8. og 9.9. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. ákvæðum laga nr. 88//2003 um Ábyrgðasjóð launa. (Um er að ræða stjórnarmenn og stjórnendur gjaldþrota fyrir-tækis, maka þeirra og skyldmenni, skv. nánari reglum stjórnar Ábyrgðasjóðs launa).
- 9.8. Eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti skal senda sjóðfélögum og réttihöfum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum skv. þessari grein með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því.
- 9.9. Senda skal lokaaðvörun til launagreiðenda ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaaðvörunar.
- 9.10. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðenda. Lokaaðvörun til launagreiðenda skal senda innan 90 daga frá dagsetningu yfirlits samkvæmt 9.8. Um innheimtu fer að öðru leyti eftir 9.11.
- 9.11. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilgrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðenda og skapa réttindi samkvæmt því. Sjóðnum er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.9. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðenda. Skilgrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.
- 9.12. Stjórn sjóðsins er heimilt, að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga, að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra upphæð sem svarar til fyrir hann og maka hans, vegna persónutrygginga, þ.e. sjúkra-, sjúkdóma-, og/eða heilsutryggingar, hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Þó aldrei þannig að iðgjald til lágmarkstryggingaverndar skerðist. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að halda áfram að ráðstafa iðgjaldi til viðbótartryggingaverndar til kaupa á líftryggingu vegna samninga sem réttihafar höfðu gert þess efnis fyrir 1. nóvember 2012. Um útborgun fer eftir 11. gr. laga nr. 129/1997.
- 9.13. Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins er heimilt fyrir hönd sjóðsins að kaupa endurtryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi og/eða gera samstarfssamning við annan lífeyrissjóð um áhættudreifingu.
- 9.14. Frjálsa lífeyrissjóðnum er heimilt að bjóða upp á samninga um séreignarsparnað og viðbótartryggingavernd í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 og reglugerð með lögnum þar um.
- 9.15. Greiði sjóðfélagi af hærri árslaunum en 12 milljónum kr. til sjóðsins skal endurgreiða til frjálsrar séreignar sjóðfélagans þann hluta iðgjalda hans sem greiddur hefur verið til framreiknings örorku- og makalífeyristryggingar umfram viðmiðunarmörk, sbr. grein 11.3 og töflu T3. Endurgreiðslan skal

fara fram fyrir lok júlí og miðast við innborguð iðgjöld vegna iðgjaldatímabila næstliðins árs. Framan-
greind viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers árs í samræmi við breytingu á vísi-
tölu neysluerðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2.

10. Ellilífeyrir

- 10.1. Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri til æviloka skv. Frjálsu leiðinni og Erfanlegu leiðinni. Hafi sjóðfélagi valið Erfanlegu leiðina sbr. grein 8.2. hefjast greiðslur úr tryggingadeild þó ekki fyrr en greiðslum úr bundinni séreign lýkur, sbr. þó grein 11.13. Réttindaöflun ræðst af innborguðu iðgjaldi og aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds sbr. meðfylgjandi töflu T1. Réttur til ellilífeyris fellur úr gildi við andlát.
- 10.2. Sjóðfélagi sem valið hefur Frjálsu leiðina getur flýtt töku ellilífeyris úr tryggingadeild fram til 60 ára aldurs eða frestað fram til 80 ára aldurs og lækkar þá eða hækkar fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris sbr. töflu T2. Sjóðfélagi sem valið hefur Erfanlegu leiðina getur flýtt töku ellilífeyris úr bundinni séreign til 60 ára aldurs eða frestað fram til 85 ára aldurs. Hafi sjóðfélagi ekki sótt um greiðslu ellilífeyris þegar viðmiðunaraldri er náð skv. gr. 10.1. skal litið svo á að sjóðfélagi hafi kosið að fresta töku lífeyris.
- 10.3. Iðgjöld sem greidd eru eftir að taka lífeyris er hafin veita réttindi eftir ákvæðum sem gilda um þá leið sem sjóðfélagi hefur valið og er lífeyrir endurúrskurðaður við 70 ára aldur.
- 10.4. Við töku ellilífeyris fyrir 70 ára aldur í Frjálsu leiðinni ráðstafar sjóðfélagi elli- og örorkulífeyrisréttindum sínum endanlega og á því ekki sjálfstæðan rétt til örorkulífeyris eftir það. Hafi hann áunnið sér viðbótarrétt til ellilífeyris með iðgjaldsgreiðslum eftir að hann hóf töku lífeyris skal endurúrskurða honum ellilífeyri hafi hann orðið fyrir orkutapi sem nemur 50% eða meira.
- 10.5. Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris úr bundinni séreign eða tryggingadeild sjóðsins, getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. gr. 10.4. Grein 10.2. skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir eða eftir viðmiðunaraldur samtryggingarleiða.
- 10.6. Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessarar greinar getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gildir ekki ákvæði 10.2. í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæði 10.2. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt ákvæði 10.4.
- 10.7. Samþykktarbreytingar í greinum 10.2, 10.5 og 10.6 taka gildi að fenginni staðfestingu ráðherra, sbr. 28. gr. laga nr. 129/1997, þó eigi fyrr en 1. september 2018.

11. Örorkulífeyrir

- 11.1. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri til 70 ára aldurs, skv. Erfanlegu leiðinni og Frjálsu leiðinni ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Örorkulífeyrisréttur er jafn áunnum ellilífeyrisrétti. Uppfylli sjóðfélagi öll eftirfarandi skilyrði skapast framreiknaður réttur skv. gr. 11.3.
 - 11.1.1. Sjóðfélagi hefur uppfyllt skyldu til lágmarkstryggingaverndar með greiðslum til sjóðsins í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum og greitt lágmarksiðgjald í sjóðinn sem er eigi minna en 35.000 kr. hvert ár. Fjárhæðin er verðtryggð og miðar við vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5.
 - 11.1.2. Sjóðfélagi hefur uppfyllt skyldu til lágmarkstryggingaverndar með greiðslum til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili.
 - 11.1.3. Ekki má rekja orkutap til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.
- 11.2. Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings, sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði, vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því hann hefur aftur störf og greiðslu lágmarksiðgjalds til sjóðsins.

- 11.3. Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða ellilífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér frá orkutapi með greiðslu iðgjalds til 65 ára aldurs og bæta við áunninn örorkulífeyrisrétt. Við framreikning réttindaöflunar skal reikna með meðaltali innborgaðra iðgjalda til lágmarkstryggingaverndar sem renna til tryggingadeildar næstu þriggja ára á undan því ári sem orkutap átti sér stað. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagsins óhagstætt vegna t.d. sjúkdóma eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum en greidd hefðu verið af 12 milljón kr. árslaunum, sbr. grein 9.15. Viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2. Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% - 100%.
- 11.4. Örorkulífeyrir er greiddur ef trúnaðarlæknir metur orkutap að minnsta kosti 50%. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjumissi af völdum örorkunnar.
- 11.5. Örorkumatið skal vera læknisfræðilegt og fyrstu tvö árin miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann gegndi er hann varð öryrki og hefur menntun eða reynslu til að gegna. Að því tímabili loknu skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu.
- 11.6. Hundraðshluta örorku skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu umsækjanda og upplýsingum um störf og möguleika hans á öflun launatekna á matsdegi. Mat á orkutapi skal miðast við þær heilsufarslegu breytingar sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir eftir að hann hóf greiðslur á lágmarksiðgjaldi til sjóðsins.
- 11.7. Örorkuna skal að jafnaði meta eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti eða oftar ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu sjóðstjórnar eða af hálfu örorkulífeyrisþegans. Sjóðurinn skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber sjóðnum að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.
- 11.8. Aldrei skal samanlagður örorku- og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur orðið fyrir vegna örorkunnar, metið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Við mat á tekjumissi er tekið tillit til atvinnutekna, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum svo og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem sjóðfélaginn nýtur vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur sjóðurinn krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv. Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal nota sem viðmiðunartekjur meðaltal tekna sjóðfélagsins síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið verðbætt til úrskurðardags. Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagsins óhagstætt vegna t.d. sjúkdóma eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Viðmiðunartekjurnar taka breytingum frá úrskurðardegi í samræmi við breytingar sem verða á launavísitölu. Að sama skapi er sjóðnum heimilt að líta fram hjá einstökum greiðslum á viðmiðunartímabilinu sem eru ekki hluti af almennum launagreiðslum. Með því er til að mynda vísað til eingreiðslna vegna starfslokasamninga eða annarra greiðslna sem víkja verulega frá fjárhæð þeirra greiðslna sem eru grundvöllur iðgjaldsgreiðslna til sjóðsins á viðmiðunartímabilinu. Í slíkum tilfellum skal heimilt að líta til allt að fimm ára fyrir orkutapið.
- 11.9. Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans enda sé þess gætt að slík endurhæfing standi honum til boða og aðstæður viðkomandi leyfi að hann nýti sér hana. Trúnaðarlæknir sjóðsins, eða eftir atvikum annar sérfróður þjónustuaðili sem sjóðurinn velur, skal leggja mat á það hvort líklegt sé að skipulögð endurhæfing muni skila árangri og þá gera áætlun um endurhæfinguna og umfang hennar. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu.
- 11.10. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans að láta sjóðnum í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans

til örorkulífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Þá er örorkulífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu örorkulífeyris eða fjárhæð hans, svo sem er varðar heilsufar eða tekjur.

- 11.11. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuði eftir orkutap, eða ef örorka varir skemur en sex mánuði.
- 11.12. Örorkulífeyrir fellur niður við töku ellilífeyris úr tryggingadeild, eða við almennan ellilífeyrisaldur í þeirri samtryggingarleið sem sjóðfélagi greiddi síðast til, eða þegar örorka er metin minna en 50% eða þegar sjóðfélagi hættir að verða fyrir tekjumissi sbr. gr. 11.4. og 11.8.
- 11.13. Ellilífeyrisréttur sjóðfélaga sem notið hefur örorkulífeyris úr tryggingadeild skal ákveðinn þannig að auk áunninna réttinda skal reikna af þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um og vegna þess tíma sem sjóðfélagi hefur notið örorkulífeyris, réttindi vegna iðgjalda, sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum vegna framreiknings. Ellilífeyrisréttur sem þannig er ákveðinn reiknast samkvæmt þeirri samtryggingarleið sem sjóðfélaginn greiddi síðast til og greiðist frá almennum ellilífeyrisaldri deildarinnar. Ellilífeyrisréttur sjóðfélaga úr tryggingadeild fyrir sjóðfélaga sem síðast greiddi til Erfanlegu leiðarinnar ákvarðast þó samkvæmt Frjálssu leiðinni.

12. Makalífeyrir

- 12.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hefur iðgjald til hans a.m.k. 24 mánuði eða hefur öðlast rétt til framreiknings og lætur eftir sig maka og á eftirlifandi maki þá rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 12.2. Við fráfall sjóðfélaga er greiddur makalífeyrir til eftirlifandi maka. Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngri en 18 ára á framfæri sem sjóðfélaginn framfærði áður, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára, skal fullur makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.
- 12.3. Fullur makalífeyrir er 50% af áunnum ellilífeyri sjóðfélaga við andlátíð. Þegar skilyrði 11.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal, auk áunninna ellilífeyrisréttinda, telja 50% þeirra ellilífeyrisréttinda sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknað í samræmi við ákvæði 11.3. Hafi sjóðfélagi notið örorkulífeyris frá tryggingadeild við andlátíð skulu skilyrði greinar 11.1. miðuð við þann tíma sem orkutap er reiknað frá.
- 12.4. Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var við hjúskap með sjóðfélaga, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman, eiga von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, nema kveðið sé á um annað í samþykktum.

13. Barnalífeyrir

- 13.1. Andist sjóðfélagi sem hefur uppfyllt skyldu til lágmarkstryggingaverndar með greiðslum til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, hefur öðlast rétt til framreiknings eða notið elli- og örorkulífeyris við andlát skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn hefji töku ellilífeyris úr tryggingadeild.
- 13.2. Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar

skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Barnalífeyrir er greiddur með hverju barni látins sjóðfélaga til 18 ára aldurs.

- 13.3. Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörborn væri að ræða.
- 13.4. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.
- 13.5. Fullur barnalífeyrir skal greiddur ef árleg lágmarksiðgjöld undanfarandi tvö almanaksár fyrir orkutap eða andlát eru a.m.k. kr. 50.000. Ef árleg lágmarksiðgjöld eru lægri, skal barnalífeyrir lækka hlutfallslega og falla niður ef árleg lágmarksiðgjöld eru lægri en 25.000 kr. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitöluna 173,5 stig.

14. Geymd réttindi

- 14.1. Sjóðfélagar sem áttu réttindi í Lífeyrissjóði Bolungarvíkur 31. desember 2005 eiga geymd réttindi í tryggingadeild. Um þessi réttindi gilda síðustu samþykktir Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur. Um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris skv. áunnum rétti 31. desember 2005 fer þó samkvæmt ákvæðum Tryggingaleiðarinnar sbr. töflu T2 í gildandi samþykktum á hverjum tíma.
- 14.2. Sjóðfélagar sem hafa greitt í Tryggingaleiðina í Frjálsa lífeyrissjóðnum eiga geymd réttindi í tryggingadeild, sbr. viðauka 1.c. Um þessi réttindi gilda samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins sem staðfestar voru af fjármálaráðuneytinu 16. júní 2016 og tóku gildi 1. júlí sama ár. Um áhrif frestunar eða flýtingar á fjárhæð lífeyris skv. áunnum rétti í Tryggingaleiðinni fer þó samkvæmt ákvæðum í töflu T2 í gildandi samþykktum á hverjum tíma. Jafnframt skal greiðslutími makalífeyris fara eftir ákvæðum í gr. 12.2. í gildandi samþykktum á hverjum tíma.
- 14.3. Ákvæði greina 10.5-10.7 um hálfan lífeyri gilda jafnframt um geymd réttindi eins og við á sbr. gr. 14.1. og 14.2.

15. Skipting réttinda og inneignar á milli sjóðfélaga og maka

- 15.1. Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta lífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
 - 15.1.1. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Lífeyrissjóðurinn skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.
 - 15.1.2. Áður en taka lífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans.
 - 15.1.3. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda lífeyrisréttindi skulu allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagans hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.
- 15.2. Réttthafa er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum skv. samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign við Frjálsa lífeyrissjóðinn, sbr. 8. gr. laga nr. 129/1997, nema með samkomulagi skv. 1.-3. tl. mgr. 14. gr. sömu laga.

16. Tilhögun lífeyrisgreiðslna

- 16.1. Umsókn sjóðfélaga um greiðslu lífeyris skal vera skrifleg og gerð á því formi sem sjóðurinn vísar til hverju sinni.
- 16.2. Lífeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftirá. Fyrst fyrir næsta mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Ellilífeyrir greiðist frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Þó er sjóðnum heimilt að greiða ellilífeyri úr bundinni séreign í sama mánuði og umsókn berst sjóðnum. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilífeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár sem reiknast frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til ellilífeyris minna en 1.500 kr. á mánuði, og ekki er um sameiningu við önnur réttindi að ræða, er sjóðnum heimilt að greiða lífeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lífeyrisréttarins. Upphæðin uppfærast mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 16.3. Þegar réttthafi hefur náð 60 ára aldri er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar úr frjálsri séreign. Útgreiðslur geta þó ekki hafist fyrr en tveim árum eftir fyrstu inngreiðslu. Verði réttthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá frjálsan lífeyrissparnað sinn og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á 7 árum. Með jöfnum greiðslum er átt við að réttthafi fái á hverju ári þann hluta af innistæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem samsvarar fjölda þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Ef innistæða réttthafa nær ekki 500.000 krónum skal dreifa útborgun á skemmri tíma en 7 ár ef viðkomandi sjóðfélagi/réttthafi fer fram á slíkt með skriflegri beiðni. Viðmiðunarfrjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5.
- 16.4. Velji sjóðfélagi annars lífeyrissjóðs að ráðstafa hluta iðgjalds í tilgreinda eða bundna séreign hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997 skulu um útborgun séreignarinnar gilda sömu reglur og gilda myndu fyrir séreignarhlutann í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 698/1998. Sama gildir ef sjóðfélagi velur að flytja í Frjálsa lífeyrissjóðinn tilgreinda eða bundna séreign frá öðrum vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Hafi lífeyrissjóðurinn sem sjóðfélagi greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til ekki reglur um útborgun fyrir tilgreinda séreign er sjóðfélaganum heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar úr tilgreindri séreign þegar 62 ára aldri er náð og skulu greiðslurnar dreifast að lágmarki fram að 67 ára aldri. Sömu reglur gilda um útgreiðslu innstæðu sjóðfélaga vegna örorku og innstæðu sem ekki nær 500.000 kr. og gilda um frjálsa séreign skv. gr. 16.3.
- 16.5. Deyi réttthafi áður en séreignin er að fullu greidd út, fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins.
- 16.6. Kostnaður við flutning tilgreindrar, bundinnar eða frjálsrar séreignar er skv. verðskrá Frjálsa lífeyrissjóðsins.
- 16.7. Samningum um viðbótarlífeyrissparnað er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara. Samningur fellur úr gildi ef réttthafi hættir störfum, sem er forsenda fyrir greiðslu hans til Frjálsa lífeyrissjóðsins, nema hann óski að halda áfram að greiða til sjóðsins. Uppsögn samnings um séreignarsparnað eða viðbótartryggingavernd veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda. Réttthöfum er heimilt að flytja tilgreinda, bundna og frjálsa séreign til annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

17. Endurgreiðsla iðgjalds

- 17.1. Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða séreign og réttindi erlendra ríkisborgara, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxt-

um kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópskra efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamingum.

18. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris

- 18.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

19. Málsmeðferð og gerðardómur

- 19.1. Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðnum gilda ákvæði stjórnslu-laga nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.
- 19.2. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað málinu til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum af lífeyrissjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirlitinu. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi, skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er þá skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Kostnaði vegna starfa gerðardómsins skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 þess kostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer að öðru leyti samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

20. Eftirlit

- 20.1. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og 87/1998.

21. Breytingar á samþykktum

- 21.1. Breytingar á samþykktum þessum öðlast því aðeins gildi að þær hafi verið samþykktar með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða **sjóðfélaga/rétthafa** á ársfundi sjóðsins eða aukaársfundi og hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytis. **Stjórn er heimilt að ákveða að kosning um samþykktarbreytingar skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði ársfundar eða aukaársfundar. Við rafrænar kosningar um breytingar á samþykktum öðlast breytingar því aðeins gildi að þær hafi verið samþykktar með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða þeirra sem atkvæði greiddu um breytingarnar. Stjórn skal í fundarboði tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu vegna breytinga á samþykktum.**
- 21.2. Tillaga um breytingar á samþykktum þarf að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti tveim vikum fyrir ársfund. Tillögurnar skulu birtar á vefsíðu sjóðsins tveimur vikum fyrir ársfund.
- 21.3. Stjórn sjóðsins hefur heimild til að víkja frá gr. 21.1.-21.2. og gera breytingar á samþykktum sem leiða beinlínis af lögum, eða eru nauðsynlegar til að sjóðurinn geti haldið starfsleyfi.

22. Gildistaka

- 22.1. Samþykktir þessar gilda frá 1. júlí 1999 með síðari breytingum, nú síðast í maí ~~2018~~ 2019 sbr. samþykki ársfundar ~~30. maí 2018~~ 13. maí 2019. Breytingarnar öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

Viðauki

1. a.

Ákvörðun stjórnar um lækun réttinda og lífeyris sjóðfélaga skv. gr. 6.5 í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins kynnt á ársfundi sjóðsins 13. apríl 2011 sbr. gr. 6.6.

Lífeyrisréttindi áunnin 2010 og fyrr og lífeyrir sem byggist á réttindum sem aflað var 2010 og fyrr verða lækkuð um 0,75% mánaðarlega næstu 12 mánuði eftir að gildistaka ákvörðunar hefur hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins eða þar til jafnvægi næst á milli eigna og áfallinna skuldbindinga sjóðsins verði það fyrr.

1. b.

Breyting réttinda í Tryggingadeild 2 og Tryggingadeild 3

Frjálsi lífeyrissjóðurinn bauð frá árinu 1999 til 2001 upp á fjórar samtryggingarleiðir. Tvær þeirra, Tryggingadeild 2 og Tryggingadeild 3, voru svo lagðar niður 1. janúar 2002 með breytingu samþykta. Uppbygging leiðanna var með þeim hætti að Tryggingadeild 2 greiddi lífeyri úr samtryggingu frá 75 ára aldri og Tryggingadeild 3 frá 80 ára aldri, en frá 70 ára aldri fram til greiðslu lífeyris úr samtryggingu var greiddur lífeyrir úr bundinni séreign.

Með breytingu þessari eru réttindi þeirra sjóðfélaga sem greiddu í Tryggingadeild 2 og Tryggingadeild 3 sameinuð réttindum í Frjálsu leiðinni og Erfanlegu leiðinni. Sjóðfélögum stendur til boða að velja í hvora leiðina réttindum þeirra er ráðstafað. Sé ekkert valið er réttindum ráðstafað í þá leið sem sjóðfélagi greiddi í eftir 1. janúar 2002. Hafi sjóðfélagi ekki greitt til sjóðsins eftir 1. janúar 2002 er réttindum hans ráðstafað inn í Frjálsu leiðina. Réttindum er ráðstafað í síðasta lagi 1. september 2015. Með breytingu þessari eru réttindi þeirra sjóðfélaga sem greiddu í Tryggingadeild 2 og Tryggingadeild 3 sameinuð réttindum í Frjálsu leiðinni og Erfanlegu leiðinni.

Færsla réttinda úr Tryggingadeild 2 og 3 í Frjálsu leiðina

Réttindi í bundinni séreign færast til frjálsrar séreignar. Samtryggingarréttindi breytast í samtryggingarréttindi í Frjálsu leiðinni með stuðlum úr töflu A sem er að finna á vefsíðu sjóðsins.

Færsla réttinda úr Tryggingadeild 2 og 3 í Erfanlegu leiðina

Samtryggingarréttindi verða óbreytt frá þeim rétti sem myndaðist með greiðslum í Tryggingadeild 2 og 3, en lífeyristökualdur er hækkaður í samræmi við Erfanlegu leiðina. Greitt er í bundna séreign sjóðfélaga úr tryggingadeildinni samkvæmt áunnum rétti hans í viðkomandi leið og stuðlum í töflu B sem er að finna á vefsíðu sjóðsins.

1. c.

Niðurfelling heimilda til að afla lágmarkstryggingaverndar með greiðslu í Tryggingaleið

Við breytingu á samþykktum 29. júní 2017 er felld niður heimild fyrir sjóðfélaga til að afla lágmarkstryggingaverndar með greiðslu lágmarksiðgjalds í Tryggingaleiðina. Greiðandi sjóðfélagar í Tryggingaleiðinni geta þó greitt í leiðina í að hámarki tvo mánuði eftir gildistöku breytinganna á meðan þeir fá frest til að velja hvort lágmarkstryggingaverndar er aflað í Frjálsu leiðinni eða Erfanlegu leiðinni. Iðgjöld sjóðfélaga sem ekki velja leið er ráðstafað í Frjálsu leiðina. Breytingin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir staðfestingu fjármálaráðuneytisins sbr. gr. 22.

Sjóðfélagar sem hafa aflað réttinda með greiðslu iðgjalda í Tryggingaleiðinni halda áunnum réttindum sínum í leiðinni eftir að óheimilt er að greiða í hana og eiga því geymd réttindi í tryggingadeild. Réttindaávinnsla Tryggingaleiðar miðast við að ellilífeyrir sé greiddur út frá 67 ára aldri en heimilt er að flýta eða fresta töku lífeyris sbr. töflu T2.

Tafla T1

Réttindatafla tryggingadeildar skv. gr. 8.7 og gr. 10 í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins

Réttindatöflurnar tóku gildi 1. júní 2014. Þær giltu um iðgjöld sem voru greidd eftir þann tíma, þ.m.t. um iðgjöld sem voru greidd vegna tímabila fyrir 1. júní 2014.

Ellilífeyrisréttindi m.v. 10.000 kr. iðgjald til tryggingadeildar

| | Samtryggingarleið | |
|--------------------------------------------------|-------------------|----------------|
| | Erfanlega leiðin | Frjálsa leiðin |
| Iðgjald til tryggingadeildar sbr. gr. 9.1 | 3,40% | 7,95% |
| Eftirlaunaaldur | 85 | 70 |
| 16 | 8.987 | 4.335 |
| 17 | 8.752 | 4.142 |
| 18 | 8.576 | 3.955 |
| 19 | 8.051 | 3.783 |
| 20 | 7.580 | 3.623 |
| 21 | 7.154 | 3.475 |
| 22 | 6.766 | 3.336 |
| 23 | 6.407 | 3.205 |
| 24 | 6.077 | 3.082 |
| 25 | 5.773 | 2.966 |
| 26 | 5.493 | 2.857 |
| 27 | 5.237 | 2.754 |
| 28 | 5.007 | 2.658 |
| 29 | 4.796 | 2.568 |
| 30 | 4.606 | 2.483 |
| 31 | 4.434 | 2.403 |
| 32 | 4.283 | 2.328 |
| 33 | 4.151 | 2.258 |
| 34 | 4.037 | 2.191 |
| 35 | 3.937 | 2.129 |
| 36 | 3.852 | 2.069 |
| 37 | 3.782 | 2.013 |
| 38 | 3.725 | 1.960 |
| 39 | 3.680 | 1.909 |
| 40 | 3.644 | 1.861 |
| 41 | 3.616 | 1.814 |
| 42 | 3.596 | 1.769 |
| 43 | 3.582 | 1.725 |
| 44 | 3.573 | 1.683 |
| 45 | 3.568 | 1.642 |
| 46 | 3.567 | 1.602 |
| 47 | 3.569 | 1.562 |
| 48 | 3.575 | 1.524 |
| 49 | 3.585 | 1.486 |
| 50 | 3.601 | 1.449 |
| 51 | 3.622 | 1.413 |
| 52 | 3.652 | 1.379 |
| 53 | 3.692 | 1.345 |
| 54 | 3.745 | 1.312 |
| 55 | 3.814 | 1.280 |
| 56 | 3.901 | 1.250 |
| 57 | 4.011 | 1.221 |
| 58 | 4.146 | 1.193 |
| 59 | 4.307 | 1.166 |

| | Samtryggingarleið | |
|--------------------------------------------------|-------------------|----------------|
| | Erfanlega leiðin | Frjálsa leiðin |
| Iðgjald til tryggingadeildar sbr. gr. 9.1 | 3,40% | 7,95% |
| Eftirlaunaaldur | 85 | 70 |
| 60 | 4.500 | 1.141 |
| 61 | 4.720 | 1.116 |
| 62 | 4.964 | 1.092 |
| 63 | 5.225 | 1.068 |
| 64 | 5.493 | 1.045 |
| 65 | 5.589 | 1.013 |
| 66 | 5.503 | 974 |
| 67 | 5.390 | 935 |
| 68 | 5.243 | 895 |
| 69 | 5.062 | 854 |

Tafla T2

Réttindatafla tryggingadeildar skv. gr. 8.7, gr. 10 og gr. 14.1 í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins

Breyting ellilífeyrisréttinda með frestun/flýtingu á töku ellilífeyris fyrir sjóðfélaga í Frjálsu leiðinni og Tryggingaleiðinni. Taflan sýnir ellilífeyrisréttindi sem hundraðshluta af lífeyrisréttindum við 70 ára aldur í Frjálsu leiðinni og við 67 ára aldur í Tryggingaleiðinni.

| Aldur | Samtryggingarleið | |
|-------|-------------------|-----------------|
| | Frjálsa leiðin | Tryggingaleiðin |
| 60 | 46,0 | 60,0 |
| 61 | 49,4 | 64,3 |
| 62 | 53,1 | 68,9 |
| 63 | 57,1 | 74,0 |
| 64 | 61,6 | 79,7 |
| 65 | 66,4 | 85,8 |
| 66 | 71,8 | 92,5 |
| 67 | 77,8 | 100,0 |
| 68 | 84,4 | 107,0 |
| 69 | 91,7 | 114,9 |
| 70 | 100,0 | 122,5 |
| 71 | 107,8 | 131,8 |
| 72 | 116,6 | 142,2 |
| 73 | 126,6 | 156,4 |
| 74 | 138,1 | 170,5 |
| 75 | 151,2 | 186,9 |
| 76 | 167,2 | 205,7 |
| 77 | 184,9 | 227,6 |
| 78 | 205,8 | 253,1 |
| 79 | 230,4 | 283,2 |
| 80 | 259,6 | 319,0 |

Tafla T3

Endurgreiðslutafla skv. gr. 11.3 í samþykktum Frjálsa lífeyrissjóðsins

Taflan sýnir það hlutfall af iðgjöldum umfram hámark sbr. gr. 11.3 sem greiðist í frjálsa séreign.

| | Samtryggingarleið | |
|-------------------------------------------|-------------------|----------------|
| | Erfanlega leiðin | Frjálsa leiðin |
| Iðgjald til tryggingadeildar sbr. gr. 9.1 | 3,40% | 7,95% |
| Eftirlaunaaldur | 85 | 70 |
| 16 | 0,0689 | 0,0279 |
| 17 | 0,0938 | 0,0377 |
| 18 | 0,1204 | 0,0483 |
| 19 | 0,1446 | 0,0577 |
| 20 | 0,1668 | 0,0663 |
| 21 | 0,1875 | 0,0741 |
| 22 | 0,2073 | 0,0812 |
| 23 | 0,2262 | 0,0877 |
| 24 | 0,2442 | 0,0936 |
| 25 | 0,2612 | 0,0988 |
| 26 | 0,2769 | 0,1034 |
| 27 | 0,2910 | 0,1073 |
| 28 | 0,3037 | 0,1106 |
| 29 | 0,3152 | 0,1132 |
| 30 | 0,3258 | 0,1154 |
| 31 | 0,3349 | 0,1170 |
| 32 | 0,3424 | 0,1180 |
| 33 | 0,3485 | 0,1184 |
| 34 | 0,3537 | 0,1185 |
| 35 | 0,3580 | 0,1181 |
| 36 | 0,3613 | 0,1174 |
| 37 | 0,3635 | 0,1164 |
| 38 | 0,3650 | 0,1150 |
| 39 | 0,3658 | 0,1135 |
| 40 | 0,3662 | 0,1117 |
| 41 | 0,3661 | 0,1099 |
| 42 | 0,3657 | 0,1079 |
| 43 | 0,3650 | 0,1058 |
| 44 | 0,3642 | 0,1037 |
| 45 | 0,3633 | 0,1016 |
| 46 | 0,3623 | 0,0994 |
| 47 | 0,3613 | 0,0973 |
| 48 | 0,3602 | 0,0951 |
| 49 | 0,3591 | 0,0929 |
| 50 | 0,3578 | 0,0906 |
| 51 | 0,3561 | 0,0883 |
| 52 | 0,3538 | 0,0857 |
| 53 | 0,3505 | 0,0829 |
| 54 | 0,3459 | 0,0798 |
| 55 | 0,3394 | 0,0763 |
| 56 | 0,3305 | 0,0722 |
| 57 | 0,3184 | 0,0675 |
| 58 | 0,3022 | 0,0621 |
| 59 | 0,2810 | 0,0559 |
| 60 | 0,2538 | 0,0488 |
| 61 | 0,2198 | 0,0408 |

| | Samtryggingarleið | |
|--------------------------------------------------|-------------------|----------------|
| | Erfanlega leiðin | Frjálsa leiðin |
| Iðgjald til tryggingadeildar sbr. gr. 9.1 | 3,40% | 7,95% |
| Eftirlaunaaldur | 85 | 70 |
| 62 | 0,1780 | 0,0319 |
| 63 | 0,1277 | 0,0221 |
| 64 | 0,0685 | 0,0114 |

Tafla T4

Réttindatafla tryggingadeildar skv. gr. 8.6

Breyting ellilífeyrisréttinda ef sjóðfélagi velur að greiðslum bundinnar séreignar ljúki fyrir 85 ára aldur í Erfanlegu leiðinni en þá taka við ellilífeyrisgreiðslur úr tryggingadeild til æviloka. Taflan sýnir ellilífeyrisréttindi sem hundraðshluta af lífeyrisréttindum við 85 ára aldur í Erfanlegu leiðinni.

| Erfanlega leiðin | |
|------------------|----------|
| Aldur | Hlutfall |
| 82 | 59,4 |
| 83 | 69,8 |
| 84 | 83,0 |
| 85 | 100,0 |